

10. nóvember 2023

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingshúsinu
v. Kirkjustræti
101 Reykjavík

Með þessu bréfi sækja Skógarmenn KFUM, sem starfrækja Æskulýðsmiðstöðina í Vatnaskógi, **um styrk að upphæð 85.000.000.-** vegna uppbyggingar á nýjum Matskála í Vatnaskógi.



- KFUM og KFUK hefur starfrækt æskulýðsmiðstöð í Vatnaskógi frá 1923.
- Starfið á 100 ára afmæli árið 2023.
- Í Vatnaskógi eru starfræktar sumarbúðir, fermingarbúðir og skólabúðir og einnig fjölbreytt fjölskyldustarf allan ársins hring.
- Á staðnum eru sjö hús, það elsta frá 1943 og það yngsta vígt 2018. Þau eru öll byggð fyrir gjafafé, opinbera styrki og með vinnuframlagi sjálfboðaliða.
- Starfið er mannrækt á kristnum grunni sem ræktar líkama, sál og anda með fræðslu, íþróttum og útivist við frábærar aðstæður í einstöku umhverfi.

Fyrir hönd Vatnaskógar þökkum við þann stuðning sem verkefnið hlaut fyrr á þessu ári. Framkvæmdir eru hafnar þrátt fyrir smá tafir á fyrri hluta ársins vegna skiplagsmála. Fyrir stuðning opinbera aðila og velunnara er nú hægt að halda framkvæmdum áfram. Æskilegt væri að drífa verkefnið áfram hratt og vel en framhaldið mun ráðast af áframhaldandi stuðningi.

Um starfsemi Vatnaskógar á þessu ári vísast að öðru leyti til meðfylgjandi greinargerða.

Fylgiskjöl

- Nýr Matskáli í Vatnaskógi, greinargerð um framkvæmdir og fjármögnun.
- Nýr Matskáli, uppfærð kostnaðaráætlun e. Svein Valdimarsson byggingarverkfr.
- Framkvæmdaáætlun
- Ársreikningar Skógarmanna fyrir árið 2022
- Starfsemi í Vatnaskógi árið 2023

Virðingarfyllst,

Ársæll Aðalbergsson
framkvæmdastjóri Skógarmanna KFUM

Ólafur Sverrisson
formaður stjórnar Skógarmanna KFUM